

Valgreinablað 8.-10. bekkjar skólaárið 2017-2018

Nafn: _____ kt: _____

Afar mikilvægt er að foreldri/forráðamaður taki þátt í vali nemenda og valið sé gert í samvinnu nemenda og foreldra, enda er valið á ábyrgð þeirra. Valblaðið verður að vera undirritað og samþykkt af forráðamanni.

Samþykki foreldris/forráðamanna:

ATHUGIÐ: EKKI ER HÆGT AÐ SKIPTA um valgrein eftir að stundaskrá hefur verið samin, og er því afar mikilvægt að vanda valið vel.

Námsgreinar í kjarna:

	8.bekkur	9.bekkur	10.bekkur
Íslenska.....	6 st.	6 st.	6 st.
Stærðfræði.....	6 st.	6 st.	6 st.
Enska.....	4 st.	4 st.	4 st.
Danska.....	3 st.	3 st.	3 st.
Íþróttir.....	2 st.	2 st.	2 st.
Sund.....	1 st.	1 st.	1 st.
Náttúrufræði.....	3 st.	3 st.	3 st.
Samfélagsfræði.....	2 st.	2 st.	2 st.
Trúarbragðafraeði	1 st		
Heimspeki		1 st.	1 st
Lífsleikni.....	1 st.	1 st.	1 st.
Upplýsingatækni.....	1 st.	1 st.	1 st.
List/verk.....	3 st.	3 st.	3 st.
Samtals á viku: tímar á viku.	33	33	33
Valgreinar á viku	4	4	4
Samtals tíma á stundaskrá á viku	37	37	37

VALGREINAR

Þið veljið ykkur 8 valgreinar.

Þið verðið að skila **minnst 37 st.** á viku. Númerið greinarnar sem þið veljið **1 upp í 8**, eftir vægi. **1 það sem ykkur langar mest, síðan 2**

Valgreinarnar eru kenndar ýmist tvisvar yfir skólaárið eða allt árið

Það er ekki endilega víst að valgreinar sem valdar eru nr. 1 eða 2 lendi á haustönn.

Valgreinar í fjölbraut - ræða við Hálfðan Þ.

Skildagur 6. apríl. 2017

___ 1. Heimilisfræði	___ 9. Náttúrufræði
___ 2. Líkamsrækt/Skólahreysti	___ 10. Íþróttaval
___ 3 Útivist/kajak	___ 11. Upprifjun
___ 4 Glee - tónlistarval	___ 12. Hraðferð
___ 5. Myndmennt/teiknun/leir og gler	___ 13 Ná betri árangir í námi/sjálfskraust
___ 6. Textílmennst/stíll	___ 14 Hár og list
___ 7 Smíði og hönnun	___ 15. Legó
___ 8 Heimanám 1 eða 2 tímar á viku.	___ 16. Val utan skóla, (lýsing)
	17. Val fjölbraut áfangi (þarf að hafa góðan grunn til að velja þessa áfanga.). <ul style="list-style-type: none"> • ___ Stærðfræði á 2. þrepi (þyngri áfanginn) • ___ Enska á 2. þrepi (þyngri áfanginn) • ___ Spænska (sambærilegt og SPÆ103) • ___ Rafmagnsfræði • ___ Trésmíði • ___ Textíl og hár

Athugið: Skólinn áskilur sér allan rétt til að draga framboð einstakra greina til baka verði þátttaka ekki nægileg (**lágmark 10 nemendur í hópi**) og eins að breyta vali ef ekki er hægt að koma því fyrir í stundatöflu.

Skólaárið 2017 – 2018

Lýsing á valgreinum í 8-10. bekk

1. Heimilisfræði: haustönn - vorönn

Kennari: Rakel .

Kennslustundir: 2 stundir.

Tími: Kennt á haust- og vorönn.

Markmið: Nemendur fáí þjálfun og kennslu í að beita helstu matreiðsluaðferðum og bakstri. Nemendur kynnist fjölbreyttu fæði og bragði á ólíkum fæðutegundum. Lögð er sérstök áhersla á að nemendur geti bjargað sér í einföldustu matargerð í eldhúsi. Nemendur þjálfist í að nýta sér upplýsingar, varúðarreglur og varnaðarmerki um leið og þeir læra um geymsluaðferð og meðferð matvæla. Við matreiðsluna er lögð áhersla á að nemendur temji sér hreinlæti, gott vinnuskipulag, samvinnu við aðra og sjálfstæði við vinnu sína.

2. Skólahreysti :

Kennari: Guðmundur Þórðarson.

Kennslustundir: 2 stundir.

Tími: Kennt allan veturinn.

Markmið: Greinin er hugsuð fyrir þá sem vilja taka þátt í Skólahreystikeppni grunnskólanna. Æfðar verða sérstaklega þær greinar sem keppt er í. Þeir sem skrá sig í þennan áfanga munu hugsanlega keppa fyrir skólans hönd þegar þar að kemur. Nemendur þurfa að vera búinn með 7 stig í sundi.

3. Útivist :

Kennari: Hilmar Sveinbjörnsson.

Kennslustundir: 2 stundir á viku ½ veturinn.

Tími: Kennt á haust- og vorönn.

Markmið: Markmið þessa valáfanga er að kynna fyrir nemendum útivist í og við heimabyggð.

Áhersla er lögð á ýmiss konar göngur (yfirleitt fjallgöngur) og kajakróður. Göngurnar eru bæði styttri og lengri ferðir í nágrenni heimabyggðar, á fjöllum, yfir heiðar eða í fjörur. Hver ganga getur tekið nokkra klukkutíma og er yfirleitt farið í ferðir utan hefðbundins skólatíma.

Í kajakróðri verða fjörur Vogavíkur og nánasta umhverfi skoðað. Í upphafi er farið yfir helstu öryggisatriði og áratök kennd. Farið er yfir nauðsynlegan búnað og meðferð hans, hverju þarf að huga að fyrir hverja ferð. Í kajakróðrum verða alltaf tveir kennarar sem sótt hafa tilskilin öryggisnámskeið. Ítrustu varkárni er gætt.

4. Glee –Tónlistarval

Kennari: ??

Kennslustundir: 2 stundir á viku ½ eða allan veturinn.

Tími: Kennt á haust- og vorönn

Markmið: Glee 101 Meginmarkmið: að nemendur eflist í leikrænni tjáningu, þ.e. að leika (tjáning), syngja og dansa. Unnið verður eftir grunnþáttum menntunar ásamt hæfniviðmiðum sviðslista. Byrjað verður á því að kynna fyrir nemendum ákveðin tímabil í sögu söng- og dansmynda (t.d. West Side Story, Grease, Cry Baby, Step up, Pitch perfect og Mamma Mia). Við horfum á hluta úr helstu myndum frá hverju tímabili og ræðum um einkenni og eiginleika. Nemendur fá tækifæri til að kynnast vel innbyrðis áður en vinna seinni hluta byrjar, t.d með ýmsum hópeflisæfingum og leikrænum tilburðum. Eftir áramót fer okkar eiginlega vinna í gang. Við stefnum að því að búa til okkar eigið leikrit þar sem söng og dans leikur ákveðið hlutverk. Hér vinna nemendur lögin, dansinn og spunann/leikritið sjálf undir leiðsöng kennaranna. Heimavinna: Horfa á einstakar myndir eða kynna sér ákveðin atriði úr vissum kvikmyndum. Mat: Mæting (50%) og virkni (50%) ásamt glæsilegri sýningu í fyrir nemendur skólans á vorhátíð skólans.

5. Myndmenntaval:

Kennari: Valgerður Guðlaugsdóttir.

Kennslustundir: 2 stundir á viku ½ veturinn.

Tími: Kennt á haustönn.

Markmið: Áfangi þar sem snert er á nokkrum greinum myndlistarinnar. Farið verður í málun, vatnslitun, teiknun og gerð þrívíðra verka úr leir, pappamassa og gleri. Kennd verður beiting áhalda á hverju sviði og mynddæmi sýnd þar sem efnin sem vinna á með eru í forgrunni. Eftir að nemendur hafa leyst verkefnin hér að ofan skapa þeir sitt eigið listaverk í samráði við kennarann, sem byggt er á kunnáttu úr þeirri vinnu sem unnin hefur verið. Í lokin verða umræður þar sem nemendur kynna og ræða verk sín á gagnrýnin og jákvæðan hátt og segja frá hvaðan hugmyndirnar að verkunum komu.

6. Textílmennt/stíll:

Kennari: Rakel .

Kennslustundir: 2 stundir á viku .

Tími: Kennt á haust- og vorönn.

Hugmynda- og hönnunarvinna

Markmið: Nemendur vinna textílverkefni út frá eigin hugmynda- og hönnunarvinnu. Nemendur geta valið um að vinna flík eða annan textíl ss. nytjahlut eða skart. Boðið er upp á kennslu í mismunandi textílaðferðum ss. prjón, vélsaum, útsaum og hekl. Nemendum stendur til boða að vinna með liti, form, munsturgerð, sniðagerð og læra að vinna frá hugmynd að framkvæmd og skráningu vinnuferlis. Nemendur tileinka sér skipulögð vinnubrögð með nýsköpun að leiðarljósi.

7. Smíði og hönnun

Kennari: Helgi Eyjólfsson

Kennslustundir: 2 stundir á viku .

Tími: Allur veturinn.

Markmiðið með áfanganum er að nemandinn hanni og smíði að minnsta kosti einn hlut frá hugmynd að raunveruleika. Ekki er lagt upp með ákveðið smíðaverkefni, heldur verður aðal áherslan lögð á að fylgja eftir hugmyndum nemenda og styðja þær jafnt í hönnunarferli sem í útfærslu og smíðavinnu. Skoðaðir verða frægir hversdags hönnunarhlutir og reynt að rýna í það hvernig þeir urðu til. Nemendur vinna tillögur að endurskipulagi í heilu eða hluta að skólalóð Stóru-Vogaskóla. Skólalóðir og skipulag þeirra verður skoðað, bæði hér heima og erlendis og hugsanlega verður farið í vettvangsferð. Nærumhverfi skólans, bærinn og ströndin verða líka skoðuð og það metið hvort þetta umhverfi geti verið kveikja eða verið haft til hliðsjónar við endurhönnun skólalóðarinnar. Smíðuð verða líkön og skrifaðir textar og teiknaðar myndir af þeim breytingum sem nemendur sjá fyrir sér. Áfanganum verður lokað með sýningu á ofangreindum gögnum og umræðum við bæjarbúa, stjórnendur skólans og bæjaryfirvöld. Markmiðið er að nemendur læri að þeir geti haft áhrif til góðs á nærumhverfi sitt.

8. Heimanám

Kennari:

Kennslustundir: 2 til 4 stundir allan veturinn.

Tími: Allan veturinn

Markmið: Nemendur geta valið að fá heimanámsaðstoð metna sem hluta af sínu vali. Nemendur geta komið með heimaverkefni sín m.a. í íslensku, stærðfræði, ensku eða dönsku í heimanámsver og fengið aðstoð frá kennara.

9. Náttúrufræði val.

Kennari:

Kennslustundi: 2

Tími: Allan veturinn

Markmið: Náttúrufræði – Vísindi og heimsmynd nútímans . Í valinu er sérstök áhersla á að undirbúa nemendur fyrir nám á náttúrufræðibraut framhaldsskólans.. Námsefnið skiptist í fjóra meginhluta sem eru stjörnufræði og heimsmynd nútímans, kjarneðlisfræði, erfðafræði og aflfræði, Helstu markmið í náttúrufræðivali er að fara dýpra í lokamarkmið 10.bekkjjar.

10. Íþróttaval

Kennari: Jens Einarsson.

Kennslustundir: 2 stundir á viku

Tími: Allan veturinn

Markmið: Farið verður í undirstöðuatriði innanhús íþróttar fyrir áramót eins og t.d. handbolta, körfu, sund og blak. Myndir frá heims og Ólympíuleikum skoðaðar. Stefnt á að fara í heimsókn á æfingu hjá landsliði eða úrvalsdeildarliði.

Eftir áramót verða vetrar og úti íþróttir skoðaðar eins og t.d. skíði skautar, langhlaup. Stefnt að dags skíðaferð.

11. Upprifjun

Kennari:

Kennslustundir: 2 stundir á viku allan veturinn.

Tími: Kennt á haust- og vorönn

Markmið: Valgreinin er ætluð þeim nemendum sem ekki hafa enn náð ásættlanlegum árangri í íslensku , stærðfærði, ensku og dönsku, og vilja gera sérstakt átak til þess að bæta úr því. Áhersla verður m. a. lögð á upprifjun á grunn efni í þessum greinum.,

12. Hraðferð

Kennari: Erna

Kennslustundir: Allan veturinn

Tími: Kennt á haust- og vorönn

Markmið: Að nemendur undirbúi sig að taka framhaldsskóla áfana í grunnskóla, hér fá nemendur tækifæri að komast yfir meira efni í stæ, ensku, dönsku og íslensku.

13. Betri árangur í námi.

Kennari: Jón Ingi

Kennslustundir: 2 stundir á viku ½ veturinn.

Tími: Kennt á haust- og vorönn

Markmið: Fjallað er um námstækni, trú á eigin getu og markmiðasetningu. Árangur í námi er góð valgrein fyrir þá sem vilja aðhald í náminu og efla sjálfstraustið. Unnið verður með eftirfarandi þætti:

• Vinnubrögð í námi • Lestur námsbóka og minnistækni • Skipulag • Jákvætt hugarfar og trú á eigin getu • Prófundirbúning og próftöku. • Slökun Nemendur meta hver fyrir sig lífsvenjur sínar og vinnuvenjur tengdar námi, setja sér markmið og gera áætlanir. Kennt í tvær stundir hálfan vetur

14. Hár og list

Kennari: Margrét Hreins

Kennslustundir: 2 stundir á viku ½ veturinn.

Tími: Kennt á haust- og vorönn

Markmið: Að kynna fyrir nemendum mikilvægi góðrar umhirðu hárs, húðar og nagla. Einnig fá nemendur þjálfun í að vinna með hvert annað og í samstarfi. Í lok annar setja nemendur upp sýningu á léttum hárgreiðslum, hárskrauti og skarti sem þeir búa til sjálfir. Námsmat byggir á áhuga, ástundun, samstarfshæfni.

15. Lego.

Kennari: Hilmar Egill Sveinbjörnsson

Kennslustundi: 2 stundir ½ veturinn.

Tími: Haust-

Markmið: Er að taka þátt í Lego keppni. Keppendur eru á aldrinum 10-16 ára. Í hverju liði eru hámark 10 börn og a.m.k. einn fullorðinn leiðbeinandi. Öll lið fá senda þrautabraut í upphafi skólaárs til að undirbúa sig þar sem unnið er með nýtt viðfangsefni á hverju ári. Laugardaginn **11. nóvember** 2017 hittast keppnisliðin úr skólum landsins og keppa sín á milli í þraut ársins.

Í undirbúningi keppninnar læra nemendur að beita stærðfræði og vísindum til að leysa raunveruleg verkefni og temja sér öguð vinnubrögð við öflun heimilda, úrvinnslu gagna og skýrslugerð. Einnig læra nemendur að vinna sem liðsheild og að kynna verkefni fyrir áhorfendum. Ekki má gleyma því að félagsskapurinn og skemmtunin sem felst í því að leysa verkefni í hóp er veganesti fyrir lífið. Að þessu leyti eru allir þátttakendur keppninnar sigurvegarar.

16. Val utan skóla.

2 – 4 stundir á viku (Fer eftir umfangi utanskóla valgreinar)

Hægt er að fá annað nám metið sem valgrein, t.d. tónlistarnám, knapamerki, listdans, íþróttir, félagsmál.

Nemendur þurfa að skila blaði með staðfestingu.

Nemendur sem stunda **æfingar hjá viðurkenndu íþróttafélagi að minnsta kosti tvisvar í viku** geta fengið íþróttæfingarnar metnar sem eina valgrein. Nemendur þurfa þá að koma með vottorð frá þjálfara til staðfestingar á því að þeir stundi æfingar. **Skila ber blaði fyrir hvora önn fyrir sig.** Valgreinin kemur **ekki** í stað íþróttá- eða sundtíma sem skráðir eru á stundatöflu nemenda.

Valfög sem kennd eru í FS, nemendur verða að koma sér sjálfir í þessa tíma. Fyrir nemendur í 10.bekk

Val FS, þetta nám fer fram í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, hver áfangi er kenndur allan veturinn.

Nemendur þurfa lágmarkseinkunn 8 í bæði stæ. og ensku til að fá að fara í framhaldsáfangi á þeim.

Stærðfræði á 2. þrepi (þyngri áfanginn)

- Enska á 2. þrepi (þyngri áfanginn)
- Spænska (sambærilegt og SPÆ103)
- Rafmagnsfræði
- Trésmíði
- Textíl og hár

Stærðfræði 2 stig - 10. bekkur

Kennari:

Kennslustundir 2 stundir á viku. /

Tími:

Nemendur þurfa að sækja tíma Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Námsefni og tímafjöldi samsvara áfanga í fjölbrautarskólum og gangast nemendur undir samsvarandi próf. Aðeins nemendur sem eru með 8 eða herra á vorprófi

9. bekkingar mega velja þessa grein.

Enska 2 stig.

Kennari

Kennslustundir: 2 stundir á viku.

Tími:

Nemendur þurfa að sækja tíma Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Námsefni og tímafjöldi samsvara áfanga 103 í fjölbrautarskólum og gangast nemendur undir samsvarandi próf. Aðeins nemendur sem eru með 8 eða herra á vorprófi

9. bekkingar mega velja þessa grein.

TRÉ 103, Trésmíði

Kennari:

Kennslustundir: 2 stundir á viku

Tími:

Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun handverkfæra og rafmagnshandverkfæra, trésmíðing, límingar, pússningar og yfirborðsmeðferðar.

Spænska.

Kennari:

Kennslustund: 2 stundir á viku

Tími:

Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig um almenn atriði daglegs lífs í ræðu og riti. Réttitun og framburður er æfður ásamt þjálfun í lesskilningi. Nemendur eru hvattir til að nota kennsluforrit á spænsku til að æfa sig í málfræði, orðaforða, framburði, réttitun og lesskilningi.

RAL 103 Rafmagnsfræði

Kennari:

Kennslustundir:

Tími:

Í þessum áfanga er fjallað um framleiðslu raforku og hvernig henni er dreift um sveitir og bæi, allt að neysluveitu notanda. Fjallað er um efni, efnisfræði og búnað sem kemur fyrir í minni neysluveitum. Nemendur fá æfingu í að leggja lagnir í tiltekið lagnarýmismis þar sem þeir fylgja ákvæðum reglugerðar og stöðlum um raforkuvirki.

Textíl og og hár.

Kennari

Kennslustundir

Tími

Í þessum áfanga er farið í grunnþættir í Textíl og hár. Góður undirbúningur fyrir þá sem eru að huga að námi í þessum greinum.